

eva@podium.is

Frá : eva@podium.is
Heiti : Viljayfirlýsing vegna Jafnvægisvogar
Málsnúmer. : 2018090207
Málsaðili : Félag kvenna í atvinnulífinu
Skráð dags : 11.9.2018 14:56:22
Höfundur : Eva Magnúsdóttir

Kæri stjórnandi,

Bréf þetta er sent til fyrirtækja sem öðlast skulu jafnlaunavottun eigi síðar en 31. desember 2018 til að kynna Jafnvægisvogina sem Félag kvenna í atvinnulífinu, (FKA) hefur hleypt af stokkunum í samstarfi við velferðarráðuneytið og fyrirtækin Sjóvá, Deloitte, Pipar/TWBA og Morgunblaðið.

Í alþjóðlegum samanburði er Ísland leiðandi í heiminum þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Árið 2018 var Ísland í toppsæti Alþjóðæfnaðagsráðsins 9. árið í röð sem jafnréttasta land í heimi (e. World Economic Forum ? Global Gender Gap Index). Þrátt fyrir það eigum við enn talsvert langt í land til þess að ná fullu jafnrétti í atvinnulífinu.

Árið eftir gildistöku laga um 40/60 kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri fór hlutfall kvenna upp í 33,2% en hefur síðan farið lækkandi. Löggin hafa heldur ekki haft þau jákvæðu hliðaráhrif sem vonir stóðu til um aukinn hlut kvenna almennt sem stjórnarmenn og ædstu stjórnendur, framkvæmdastjórar og forstjórar. Í árslok 2017 var hlutfall kvenna sem stjórnarmanna í fyrirtækjum almennt 25,9% og hlutfall kvenna sem stjórnarformanna 23,9%.

Markmiðið Jafnvægisvogarinnar er að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja verði orðið 40/60 árið 2027. Fyrsta verkefni Jafnvægisvogarinnar er að taka saman heildrænt yfirlit yfir stöðu stjórnenda í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöðurnar. Á grundvelli niðurstaðnanna munum við draga fram í sviðljósið fyrirtæki sem eru að gera vel og veita þeim viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Við munum jafnframt standa fyrir viðburðum og fræðslu til að vekja samfélagið til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis.

Rannsóknarniðurstöður eru á eina leið: fjölbreyttur mannauður hefur jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja sem og starfsánægju og frammistöðu í starfi, stuðlar að betri ákvarðanatöku og aukinni verðmætasköpun þar sem nýsköpun og vöxtur verður frekar í hópi fólks með ólíkar skoðanir og bakgrunn.

Með þessu bréfi bjóðum við fyrirtækinu þínu að vera með í liðinu sem mun koma Íslandi í fremstu röð þegar kemur að jafnrétti í atvinnulífinu. Þannig bjóðum við þér að skrifa undir viljayfirlýsingu þess efnis að þitt fyrirtæki heiti því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar til næstu 5 ára. Viljayfirlýsingin verður undirrituð á ráðstefnu um Jafnvægisvogina þann 31. október næstkomandi. Það er von okkar að fyrirtækið þitt leggist á áramnar með okkur í þessu mikilvæga verkefni. Saman getum við betur.

Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri Jafnvægisvogarinnar Eva Magnúsdóttir, eva@podium.is eða GSM 858 6301.

Með kærri kveðju,??

Guðrún Ragnarsdóttir, talskona Jafnvægisvogarinnar og stjórnarkona FKA.

kveðja,
Eva Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri, MBA,
PODIUM ehf.
Tel: 354 8586301
Netfang: eva@podium.is